

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 93/2011

2011/EES/54/35

frá 20. júlí 2011

## um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XX. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 87/2011 frá 1. júlí 2011 <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/389/ESB frá 30. júní 2011 um samanlagðan fjölda losunarheimilda í Sambandinu sem um getur í a- til d-lið 3. mgr. 3. gr. e í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB um að koma á fót kerfi fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda innan Bandalagsins <sup>(2)</sup>.
- 3) Eftirlitsstofnun EFTA hefur, í samræmi við 1. undirgrein aðlögunarliðar be í lið 21a (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB) í XX. viðauka við samninginn, lagt fram tölur um heildarfjölda losunarheimilda, fjölda losunarheimilda sem verður boðinn upp, fjölda losunarheimilda í sérstökum varasjóði og fjölda ókeypis losunarheimilda er varða flug innan og milli yfirráðasvæða EFTA-ríkjanna og flug milli EFTA-ríkjanna og þriðju landa. Þessar tölur hafa verið reiknaðar út frá tölum um fyrri losun gróðurhúsalofttegunda frá flugsamgöngum sem voru ákveðnar í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 87/2011 frá 1. júlí 2011 með því að beita sömu hundradshlutum og voru notaðir til að reikna út heildarfjölda losunarheimilda innan Evrópusambandsins, fjölda losunarheimilda innan Evrópusambandsins sem verður boðinn upp, fjölda losunarheimilda innan Evrópusambandsins í sérstökum varasjóði og fjölda ókeypis losunarheimilda innan Evrópusambandsins.
- 4) Samkvæmt sama aðlögunarákvæði skal sameiginlega EES-nefndin ákveða heildarfjölda losunarheimilda innan EES, fjölda losunarheimilda sem verður boðinn upp, fjölda losunarheimilda í sérstökum varasjóði og fjölda ókeypis losunarheimilda með því að bæta viðeigandi tölum er varða flug innan og milli yfirráðasvæða EFTA-ríkjanna og flug milli EFTA-ríkjanna og þriðju landa við viðeigandi tölur fyrir Evrópusambandið sem koma fram í 1.–4. gr. ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 2011/389/ESB.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 21apb (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/149/ESB) í XX. viðauka við samninginn:

„21apc. **32011 D 0389**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/389/ESB frá 30. júní 2011 um samanlagðan fjölda losunarheimilda í Sambandinu sem um getur í a- til d-lið 3. mgr. 3. gr. e í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB um að koma á fót kerfi fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda innan Bandalagsins (Stjtið. ESB L 173, 1.7.2011, bls. 13).

Ákvæði ákvörðunarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

- a) Eftirfarandi málsgreinar bætist við í 1. mgr. 1. gr.:

„Heildarfjöldi losunarheimilda, sem um getur í 1. mgr. greinar 3c í tilskipun 2003/87/EB að því er varðar tímabilið frá 1. janúar 2012 til 31. desember 2012 og varðar flug innan og milli yfirráðasvæða EFTA-ríkjanna og flug milli EFTA-ríkjanna og þriðju landa, er 1 885 617.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 262, 6.10.2011, bls. 59, og EES-viðbætur nr. 54, 6.10.2011, bls. 74.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 173, 1.7.2011, bls. 13.

- Heildarfjöldi losunarheimilda á EES-svæðinu, sem um getur í 1. mgr. greinar 3c í tilskipun 2003/87/EB að því er varðar tímabilið frá 1. janúar 2012 til 31. desember 2012, er 214 777 670.“
- b) Eftirfarandi málgreinar bætist við í 2. mgr. 1. gr.:
- „Heildarfjöldi losunarheimilda, sem um getur í 2. mgr. greinar 3c í tilskipun 2003/87/EB að því er varðar hvert ár á tímabilinu sem hefst 1. janúar 2013 og varðar flug innan og milli yfirráðasvæða EFTA-ríkjanna og flug milli EFTA-ríkjanna og þriðju landa, er 1 846 738.
- Heildarfjöldi losunarheimilda á EES-svæðinu, sem um getur í 2. mgr. greinar 3c í tilskipun 2003/87/EB að því er varðar hvert ár á tímabilinu sem hefst 1. janúar 2013, er 210 349 264.“
- c) Eftirfarandi málgreinar bætist við í 1. mgr. 2. gr.:
- „Heildarfjöldi losunarheimilda, sem um getur í 1. mgr. greinar 3d í tilskipun 2003/87/EB að því er varðar tímabilið frá 1. janúar 2012 til 31. desember 2012 og varðar flug innan og milli yfirráðasvæða EFTA-ríkjanna og flug milli EFTA-ríkjanna og þriðju landa, er 282 843.
- Heildarfjöldi losunarheimilda á EES-svæðinu, sem um getur í 1. mgr. greinar 3d í tilskipun 2003/87/EB að því er varðar tímabilið frá 1. janúar 2012 til 31. desember 2012, er 32 216 651.“
- d) Eftirfarandi málgreinar bætist við í 2. mgr. 2. gr.:
- „Heildarfjöldi losunarheimilda, sem um getur í 2. mgr. greinar 3d í tilskipun 2003/87/EB að því er varðar hvert ár á tímabilinu sem hefst 1. janúar 2013 og varðar flug innan og milli yfirráðasvæða EFTA-ríkjanna og flug milli EFTA-ríkjanna og þriðju landa, er 277 011.
- Heildarfjöldi losunarheimilda á EES-svæðinu, sem um getur í 2. mgr. greinar 3d í tilskipun 2003/87/EB að því er varðar hvert ár á tímabilinu sem hefst 1. janúar 2013, er 31 552 390.“
- e) Eftirfarandi málgreinar bætist við í 3. gr.:
- „Heildarfjöldi losunarheimilda, sem um getur í 1. mgr. greinar 3f í tilskipun 2003/87/EB að því er varðar sérstakan varasjóð og varðar flug innan og milli yfirráðasvæða EFTA-ríkjanna og flug milli EFTA-ríkjanna og þriðju landa, er 443 216.
- Heildarfjöldi losunarheimilda á EES-svæðinu, sem um getur í 1. mgr. greinar 3f í tilskipun 2003/87/EB að því er varðar sérstakan varasjóð, er 50 483 824.“
- f) Eftirfarandi málgreinar bætist við í 1. mgr. 4. gr.:
- „Heildarfjöldi losunarheimilda, sem um getur í staflið d) í 3. mgr. greinar 3e í tilskipun 2003/87/EB að því er varðar tímabilið frá 1. janúar 2012 til 31. desember 2012 og varðar flug innan og milli yfirráðasvæða EFTA-ríkjanna og flug milli EFTA-ríkjanna og þriðju landa, er 1 602 774.
- Heildarfjöldi losunarheimilda á EES-svæðinu, sem um getur í staflið d) í 3. mgr. greinar 3e í tilskipun 2003/87/EB að því er varðar tímabilið frá 1. janúar 2012 til 31. desember 2012, er 182 561 019.“
- g) Eftirfarandi málgreinar bætist við í 2. mgr. 4. gr.:
- „Heildarfjöldi losunarheimilda, sem um getur í staflið d) í 3. mgr. greinar 3e í tilskipun 2003/87/EB að því er varðar hvert ár á tímabilinu sem hefst 1. janúar 2013 og varðar flug innan og milli yfirráðasvæða EFTA-ríkjanna og flug milli EFTA-ríkjanna og þriðju landa, er 1 514 325.
- Heildarfjöldi losunarheimilda á EES-svæðinu, sem um getur í staflið d) í 3. mgr. greinar 3e í tilskipun 2003/87/EB að því er varðar hvert ár á tímabilinu sem hefst 1. janúar 2013, er 172 486 396.““

2. gr.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 21. júlí 2011, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 20. júlí 2011.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

**Kurt Jäger**

formaður.

---

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.